

# Loftar tú mæ­r?

Höfundur texta og mynda: Rake­l Helmsdal (Færeym) BFL, 2019  
Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2020.

Söguþráður: Í sögunni kynnumst við þremur systkinum sem eru nýbúin að missa langömmu sína. Litli bróðir, Systir og Stóri bróðir eru úti í garði. Við kynnumst hugsunum og tilfinningum barnanna um það hvernig dauðinn hefur áhrif á þau. Yngsta barnið grætur ekki heldur lifir í núinu. Systirin leikur sér með flugdreka en Stóri bróðir sem ætti að gæta systkina sinna er sorgmæddur og hugsar til langömmu sinnar.

Efnisorð: sorg, dauði, tilfinningar, systkin

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Spjallið um liti. Skoðið tréð, komið þið auga á gamalt tré fyrir utan hjá ykkur? Hvaða dýr finnið þið?

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hverjar heldur þú að þessar þrjár fígú­rur á kápumyndinni séu?
3. Hvað eru þær að gera?
4. Átt þú systkini? Hvernig er að eiga systkini?

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Ef börnin kunna færeysku og vilja prófa öðruvísi lestur getið þið lesið bókina upphátt tvisvar. Í fyrra skiptið án þess að sýna kápuna eða myndirnar en að upplestri loknum fá börnin að sjá myndirnar. Veltið fyrir ykkur því sem þið voruð að lesa.
2. Höfundurinn hefur skapað fígú­rur sem eru hlutlausar á svip, hvað finnst þér um það? Hvað heldurðu að hún vilji segja með þessu?
3. Veltu fyrir þér andrúmsloftinu í bókinni og myndunum. Hvað hugsanir kvikna hjá þér?



ISBN 978-952-7490-01-3

4. Systkinin eru kölluð Litli bróðir, Systir og Stóri bróðir. Af hverju heldurðu að þau hafi engin nöfn?

5. Skrifaðu stutt bréf til einhvers sem þú hefur misst. Það getur verið gæludýr, einhver manneskja sem er dáin eða vinur sem er fluttur burt.

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Hvað finnst þér um titil bók­arinnar?
3. Systkinin syrgja á ólíkan hátt. Ræðið í hóp hvernig það er að syrgja.
4. Ef þið kunnið færeysku getið þig skoðað textann, komið þið auga á mynstur í textanum?
5. Rake­l Helmsdal teiknar myndirnar út frá sjónarhóli fuglsins. Hvað finnst þér hún vilja segja með þessu?
6. Hvaða hlutverk heldur þú að krákurnar, hvíta dúfan og gamla tréð gegni?

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Vi är Lajon! Höfundar: Jens Mattsson og Jenny Lucander

MÁLAMOLI

"Sorg"

sænska

Sorg

danska

Sorg

norska

Sorg

íslenska

Sorg

færeyska

Sorg

grænlenka

Aliasunneq

finnska

Suru

norðursamíska

Moraš



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)